

sunnudagur, 19. janúar 2003

Siðfræðistofnun fáí Hlemm

Birtist í Mbl. 18.01.2003

Margar helstu þjóðþrifastofnanir og samtök þjóðfélagsins sækja rekstrarfé sitt í hagnað af spílakössum. Það á við um Háskóla Íslands, Rauða krossinn, Landsbjörg og SÁÁ.

Allar þessar stofnanir og öll þessi samtök gegna mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu. Fari svo að algert bann verði sett við fjárhættuspilum og spílakassar gerðir útlægir úr landinu þarf að finna framangreindum aðilum nýja tekjustofna. Um þetta hefur oft verið rætt af hálfu okkar sem erum andvíg því að þessum aðilum sé heimilað að hafa fólk sem haldið er sjúklegru spílafíkn að féþúfu. Hagnaður af rekstri spílakassa nemur árlega milljörðum króna. Þessir peningar koma fyrst og fremst úr vösum fólks sem er ekki sjálfrátt gerða sinna. Finnst okkur það sæmandi? Ég beini þessari spurningu til okkar allra því við erum öll ábyrg og ekki síst við sem sitjum á löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Í kjölfar gagnrýni á spílakassana á síðustu árum hefur sitthvað áunnist þótt stjórnvöld sýni enn ótrúlegt andvaraleysi. Viðvörðunarorð hafa verið fest á spílakassa og SÁÁ hefur komið á fót neyðarlínu. Sameinaðar standa svo ofangreindar stofnanir og samtök að upplýsingasiðunni Spílafíkn.is og kosta hana upp á eigin spýtur - og þurfa eflaust ekki að horfa í aurana vegna þess ágæta framtaks þegar hafður er í huga sá hagnaður sem kassareksturinn gefur í aðra hönd. Mikið lengra nær þetta ekki að öðru leyti en því að SÁÁ líknar fórnarlömbum sínum, veitir þeim ráðgjöf og meðferð.

Ég hef stundum furðað mig á hve harðdrægir hagsmunagæslumenn forsvarsmenn spílahappdrættanna eru. Fyrir fáeinum misserum buðu þeir prófessor nokkrum frá Las Vegas hingað til lands til að réttlæta spílamenskuna. Hann mun hafa verið prófessor í spílavítum við háskóla í Las Vegas og Reno í Arizona. Þessi prófessor hafði komist að þeirri niðurstöðu að spílamenskan væri ósköp saklaus. Að vísu væri talsvert um að menn ánetjuðust spílafíkninni. Að máli hans var gerður góður rómur innan spílabransans.

Ekki trúi ég þó öðru en forsvarsmönnum spílavítanna finnist hlutskipti sitt vafasamt. Verst þykir mér Gullnáman/Háspenna sem svo er nefnd. Háskóli Íslands rekur hana. Og náman sú ber réttnefni; hún veldur mikilli spennu og er spílasjúklingum sérlega erfið því hún lokkar þá að með stanslausum upphrópunum. Kassarnir eru samtengdir og vinningarnir nema milljónum. Ef þú hefur ekki hraðann á gæturðu misst af stóra vinningnum!

Ég legg til að Háskóli Íslands geri okkur grein fyrir því hvert hagnaðurinn rennur; hvaða deildir og hvaða starfsemi spílasjúkir fjármagna. Þannig mætti merkja spílavítin mismunandi deildum skólans. Þá vissu allir hver styrkþeginn væri. Læknadeildin gæti þannig fengið Gullnámuna á Skólavörðustíg. Og Siðfræðistofnun gæti fengið Hlemm.

TIL BAKA (/SAMFELAGSMAL/2003/01)

Samfélagsmál (/samfelagsmal)

1995 (/samfelagsmal/1995)

1996 (/samfelagsmal/1996)

1997 (/samfelagsmal/1997)

1998 (/samfelagsmal/1998)

1999 (/samfelagsmal/1999)

2000 (/samfelagsmal/2000)

2001 (/samfelagsmal/2001)

2002 (/samfelagsmal/2002)

2003 (/samfelagsmal/2003)

Janúar (/samfelagsmal/2003/01)

Apríl (/samfelagsmal/2003/04)

Maí (/samfelagsmal/2003/05)

Júní (/samfelagsmal/2003/06)

Júlí (/samfelagsmal/2003/07)

Ágúst (/samfelagsmal/2003/08)

September (/samfelagsmal/2003/09)

Október (/samfelagsmal/2003/10)

Desember (/samfelagsmal/2003/12)

2004 (/samfelagsmal/2004)

2005 (/samfelagsmal/2005)

2006 (/samfelagsmal/2006)

2007 (/samfelagsmal/2007)

2008 (/samfelagsmal/2008)

2009 (/samfelagsmal/2009)

2010 (/samfelagsmal/2010)

2011 (/samfelagsmal/2011)

2012 (/samfelagsmal/2012)

2013 (/samfelagsmal/2013)

2014 (/samfelagsmal/2014)

Fréttabréf


Fullt nafn

Netfang *

SKRÁ [Afskrá \(/frettabref/afskra\)](/frettabref/afskra)

 [BRÉF TIL SÍÐUNNAR \(/BREF-TIL-SIDUNNAR\)](/BREF-TIL-SIDUNNAR)

 [RSS FRÉTTAVEITA \(/RSS\)](/RSS)

 [LEIT Á SÍÐUNNI \(/LEIT\)](/LEIT)

